



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 24. maí 2024

Umsögn Rannsóknamiðstöðvar Íslands um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030

Þingskjal 1505 – 1036. mál. 154. löggjafarþing 2023-2024.

Rannís fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030 sem er viðamikil og faglega unnin. Rannís telur að aðgerðaáætlanir séu almennt heppileg leið til að fylgja eftir stefnu stjórnvalda. Umsögn Rannís tekur sérstaklega til A hluta þingsályktunarinnar, en einnig til eftirfarandi hluta: B1, E2 og E4.

A. Rannsóknir og gögn

Rannís tekur undir þá skýru áherslu sem er í aðgerðaáætluninni á rannsóknir og gögn sem eru mikilvæg í allri stefnumótun og eftirfylgni með stefnu. Rannís er reiðubúið til samstarfs um eflingu rannsókna á sviði ferðamála eins og fjallað er um í lið A.4. Einn þeirra sjóða sem Rannís hefur umsýslu með er Tækniþróunarsjóður sem styrkt hefur nýsköpunarverkefni í ferðapjónustu eins og öðrum atvinnugreinum. Sjóðurinn er opinn sjóður þannig að fyrirfram er engin afmörkun hvaða atvinnugreinar eru styrktar.

Rannís er jafnframt tilbúið til samstarfs við menningar- og viðskiparáðuneytið og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðuneytið um að þróa markáætlun um rannsóknir á sviði ferðamála eins og fjallað er um í liðum A.5 og A.6. Rannís telur almennt að markáætlanir séu heppileg leið til að fylgja eftir áherslum stjórnvalda á hverjum tíma því til staðar er farvegur til að úthluta fjármunum á samkeppnisgrunni og ekki þarf að setja upp sérstakan sjóð í hvert sinn sem nýjar áherslur koma fram. Rannís bendir á að í ljósi þess að lagt er til að árleg fjárveiting verði 60 m.kr. í þrjú ár er hagkvæmara að úthluta í einu lagi fyrir þetta þriggja ára tímabil. Það hefur verið gert með góðum árangri með aðrar markáætlanir.

B.1 Aukin fjárfesting í nýsköpun og vörupróun í ferðapjónustu

Rannís bendir á í samhengi við þessa aðgerð að Tækniþróunarsjóður styrkir fyrirtæki sem eru að þróa nýjar tæknilausnir og sinna annarri nýsköpun. Jafnframt hafa fyrirtæki sem tengjast ferðapjónustu notið stuðnings við nýsköpunarfyrirtæki með skattfrádrætti og endurgreiðslum frá skattinum og hefur sá stuðningur vaxið mjög á síðustu árum. Rannís vill gjarnan vinna að því í

samstarfi við Hagstofu Íslands og viðeigandi ráðuneyti að gera sýnilegri opinberan stuðning við einstakar atvinnugreinar, þ.m.t. ferðapjónustu.

E.2 Efling náms í ferðapjónustu þvert á skólastig og aukið aðgengi að námi

Rannís minnir á Vinnustaðanámssjóð í tengslum við þessa aðgerða. Sá sjóður styrkir fyrirtæki sem taka til sín starfsnema og hafa ferðþjónustufyrirtæki nýtt sér það í ríkum mæli. Jafnframt minnir Rannís á Erasmus+ sem er styrkjaáætlun ESB fyrir mennta-, æskulýðs- og íþróttamál. Menntastofnanir, símenntamiðstöðvar og fleiri aðilar fá árlega styrki til þróunarverkefna af þeim toga sem aðgerðin fjallar um. Jafnframt styrkir áætlunin nemendur og kennara til lengri og skemmri dvala erlendis og íslensk ferðapjónustufyrirtæki hafa notið góðs af erlendum nemendum sem hafa tekið hluta af sinni starfsþjálfun á Íslandi.

E.4 Alþjóðlegt nám í afþreyingartengdri ferðapjónustu, með áherslu á sjálfbærni

Aftur bendir Rannís á Erasmus+ styrkjaáætlun ESB sem getur styrk verkefni af þessum toga ef um er að ræða að taka námsleiðir sem hafa verið þróaðar í öðrum Evrópuríkjum og yfirfæra þær og innleiða við íslenskar aðstæður. Rannís hvetur því þá aðila sem verður falið að koma upp slíku námi til að kynna sér þau tækifæri sem felst í Erasmus+ áætluninni.



Ágúst Hjörtur Ingþórsson

forstöðumaður